



Framkvæmda- fréttir

16. tbl. / 11



Nú er unnið að styrkingu og breikkun Krýsuvíkurvegar hjá Kleifarvatni. Á myndinni er verið að færa grjótvörn frá vegöxlinni. Grjótinu verður svo raðað upp aftur eftir breikkun. Efni er tekið upp úr vegrásinni hlíðarmegin og það notað í breikkunina. Að þessu sinni eru 3 km í framkvæmd og lýkur verkinu með lagningu bundins slitlags. Alls verða 8 km lagfærðir í áföngum til 2013. Þetta er mjög þörf framkvæmd því búast má við mikilli aukningu umferðar um þennan veg þegar Suðurstrandarvegur verður tekinn í notkun. Mynd: Arnar E. Ragnarsson.

Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal - endurbætur

Í þessu blaði er auglýst útboð endurbóta á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar í Engidal. Verkið felst í breikkun og endurbótum á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar, Fjarðarhrauns og Álftanesvegar í Engidal og breikkun syðri akreinar Fjarðarhrauns að beygjurein við Hólshraun. Verkið felst einnig í gerð fráreinar af Hafnarfjarðarvegi inn í Godatún norðan við Vífilsstaðaveg.

Gatnamót í Engidal

Í þessum verkhluta eru allir verkþættir vegagerðar við lagfæringar og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar í Engidal ásamt breikkun Fjarðarhrauns að Hólshrauni. Beygjurein af Hafnarfjarðarvegi inn á Fjarðarhraun verður tvöfölduð, syðri akreina Álftanesvegar verður breikkuð næst gatnamótunum í Þrjár akreinar og ný hægri-beygjurein gerð inn á Reykjavíkurveg og nyrðri akreina Álftanesvegar færast

til vesturs næst gatnamótunum. Syðri akreina Fjarðarhrauns verður breikkuð í tvær akreinar milli Hafnarfjarðarvegar og vinstri beygjureinar inn í Hólshraun, og hægri beygjurein af Fjarðarhrauni inn á Hafnarfjarðarveg verður breikkuð í tvær akreinar. Gengið verður frá miðeyjum og gönguleiðum um gatnamótin og umferðarljósum breytt í 4-fasa ljós. Lagður verður nýr göngustígur austan Fjarðarhrauns frá gatnamótunum að bílastæðinu við Fjarðarkaup og einnig verður lagður göngustígur frá gatnamótunum inn í Lynghóla. Núverandi göngustígur með Reykjavíkurvegi að austanverðu verður breikkaður frá gatnamótum að Dalshrauni. Færa þarf nokkra ljósastaura með Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Álftanesvegi. Einnig verður bætt við nokkrum nýjum staurum með Fjarðarhrauni. Færa þarf símalagnir með Álftanesvegi og Fjarðarhrauni og færa þarf vatnslögn og rafmagnsheimæð sem liggja með Fjarðarhrauni að norðanverðu.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 19. árg. nr. 572 8. ágúst 2011

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal - endurbætur 11-040

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur, Álfanesvegur og Fjarðarhrauns í Engidal ásamt breikkun syðri akreinar Fjarðarhrauns að beygjurein við Hólshraun. Í verkinu er einnig innifalin gerð fráreinar af Hafnarfjarðarvegi inn í Godatún norðan við Vífilsstaðaveg.

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarbæjar.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar úr skeringum	3.000 m ³
Fylling og burðarlag úr námum	5.700 m ³
Stungumalbik	5.140 m ²
Eyjar með steinlögðu yfirborði	547 m ²
Malbikaðir göngustígar	1.900 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. desember 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 8. ágúst 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 23. ágúst 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.




Gatnamót í Engidal - eftir endurbætur

Gatnamót við Vífilsstaðaveg

Í þessum verkhluta eru allir verkþættir við gerð fráreinar af Hafnarfjarðarvegi inn í Godatún norðan gatnamóta við Vífilsstaðaveg. Taka á ofan af stoðvegg sem er í kanti núverandi vegar, rífa upp kantstein og göngustíg og breikka veginn til austurs. Færa þarf tvo niðurfalbrunna í beygjunni inn í Godatún, gera nýjan göngustíg með fráreininni, færa vegvísi og ganga frá landmótun og yfirborðsmerkinum.



Gatnamótin í Engidal í byrjun ágúst 2011.



Heildarumferð um helgar á 6 talningastöðum í nágrenni Höfuðborgarsvæðis á Hringvegi, frá 3. júní til 28. ágúst 2008, 2009, 2010 og 2011.

Frá föstudegi til og með mánudags reyndist umferðin um verslunarmannahelgina vera rúmlega 12% minni en um sömu helgi árið 2010, á 6 völdum talningastöðum á Hringvegi út frá Höfuðborgarsvæðinu.

Umferðin austur fyrir fjall reyndist 13,3% minni en um sömu helgi fyrir ári síðan. Norður fyrir varð samdrátturinn 10,5%. Um Helligshéið dróst umferðin saman um 13,3% en um Hvalfjarðargöng varð 9,1% samdráttur. Umferðin á sjálfum frídegnum verslunarmanna, eða á mánudeginum, reyndist 6,5% minni en í fyrra. Sé einungis horft til föstudags til og með sunnudags varð 13,8% samdráttur umferðar. Austur fyrir fjall varð 14,5% samdráttur og norður fyrir 12,9% samdráttur föstudag til sunnudags. Um Helligshéið dróst umferðin saman, þessa þrjú daga, um 14,4% og um Hvalfjarðargöng 11,3%.

Af meðfylgjandi stöplari sést að föstudags - sunnudagsumferðin um verslunarmannahelgina varð sú sama og um helgina þar á undan (þ.e. 23 - 25 júlí).

Umferðin um verslunarmannahelgina er langt undir meðaltalsumferð verslunarmannahelga síðustu ára (2008 - 2010).

Það sem af er summi er helgarumferð 6,7% minni en meðaltal undanfarinna ára.

Niðurstöður útboða

Barðastrandarvegur (62), Hrísnésá, Hlaðseyrará og Raknadalsá 11-041

Tilboð opnuð 26. júlí 2011. Ræsa- og brúargerð á Barðastrandarvegi (62) í Vestur-Barðastrandarsýslu. Um er að ræða að setja stálræsi í stað tveggja einbreiðra brúa á Hrísnésá á Barðaströnd og Hlaðseyrará í Patreksfirði og byggja nýja tvíbreiða brú í stað einbreiðrar brúar á Raknadalsá í Patreksfirði. Innifalið í verkinu er ríf á núverandi brúm.

Helstu magnþölur eru:

Fylling	5.500 m ³
Fláafleygar	5.500 m ³
Skering	7.000 m ³
Neðra burðarlág	2.700 m ³
Frágangur fláa	11.200 m ²
Efnisvinnsla	1.000 m ³
Stálræsi d = 3,0 m	72 m
Stálræsi d = 2,6 m	36 m
Mót	650 m ²
Járnalögn	22.000 kg
Steypa	250 m ³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Geirnaglinn ehf., Ísafirði	85.771.032	148,1	8.997
1	Græðir sf., vinnuvélar Flateyri	76.774.480	132,6	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	57.910.760	100,0	-18.863

Vetrarþjónusta 2011 - 2014, Þingeyri – Flateyri - Suðureyri 11-020

Tilboð opnuð 3. ágúst 2011. Snjómokstur með vörubifreiðum innan ramma ábataáætlunar, á eftirtöldum vegum:

Vestfjarðavegur (60) frá Þingeyri að jarðgöngum í Breiðadal, 36 km
 Flateyrarvegur (64) frá Vestfjarðavegi að Hafnarstræti á Flateyri, 7 km
 Súgandafjarðavegur (659) frá jarðgöngum í Botnsdal að Aðalstræti á Suðureyri, 11 km
 Ingjaldssandsvegur (624) frá Vestfjarðavegi að Alviðru, 8 km
 Valþjótsdalsvegur (625) frá Vestfjarðavegi að Innri Hjarðardalsvegi, 7 km
 Öfundarfjarðavegur (627) frá Vestfjarðavegi að Vífilsmýri, 5 km
 Svalvogavegur (622) frá ytri enda byggðar á Þingeyri að Flugvallarvegi, 3 km

Helstu magnþölur á ári eru:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn . 32.218 km
 Verktími er frá 1. október 2011 til og með 30. apríl 2014.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Kubbur ehf., Grænagarði	26.591.824	107,4	5.395
---	Áætlaður verktakakostnaður	24.767.898	100,0	3.571
3	Jón R. Sigurðsson ehf. Þingeyri	22.960.600	92,7	1.764
2	Græðir sf. Öfundarfirði	22.299.765	90,0	1.103
1	Potan ehf., Bolungarvík	21.191.700	85,6	0



Suðurstrandarvegur í júlí 2011. Mynd: Mats.

Suðurstrandarvegur

Tveir verktakar vinna nú við sitthvorn kafla Suðurstrandarvegur.

KNH ehf. er við eystri kaflann og á honum að ljúka um miðjan september á þessu ári. Skilin milli kafla má sjá á meðfylgjandi mynd þar sem vegur í námu kemur inn á nýja veginn.

Suðurverk hf. vinnur við vestari kaflann, um 14,6 km. Hann nær að Ísólfskála sem má sjá efst á myndinni. Þaðan er vegur með bundnu slitlagi til Grindavíkur. Suðurverk á að skila veginum fullfrágengnum 15. sept 2012. Til stendur að leggja klæðingu á 3-5 km frá Ísólfskála seinni hluta ágústmánaðar og setja umferð á hann þegar því er lokið.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum þessarar vegagerðar frá árinu 2003 segir:


Megintilgangur framkvæmdarinnar er að byggja upp varanlega og örugga vegtengingu milli Suðurlands og Suðurnesja til hagsbóta og öryggis fyrir atvinnulíf og íbúa á þessum svæðum. Aðgengi ferðafólks verður stórbætt að svæði með stórbrotna náttúrufegurð og mikið útivistargildi. Auk þess gefur nýr Suðurstrandarvegur fyrirtækjum í ferðaþjónustu möguleika á að bjóða uppá áhugaverða tengingu og hringferðir frá Keflavíkurlugvelli að mikið sóttum ferðamannastöðum á Suðurlandi. Fiskflutningar geta aukist á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur og byggðakjarnarnir munu verða að einu atvinnusvæði.

Með tilkomu Suðurstrandarvegur skapast greiðfær leið sem tekið getur við umferð sem annars færi um Hellisheiði og


Þrengsli t.d. í vöndum veðrum. Suðurstrandarvegur mun létta á umferð á Suðurlandsvegi um Hellisheiði og á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir að allt að 800 bílar muni aka á sólarhring um fullbúinn Suðurstrandarveg 5-10 árum eftir opnun hans. Lega vegarins er góð með tiltölulega fáum vegtengingum og má því ætla að óhappatíðni verði lág. ■

Strandavegur (643) – fyrirhuguð vegagerð í Steingrímsfirði hefst með útboði á brúargerð



Ný brú á Staðará í Steingrímsfirði



Auglýsingar útboða

Strandavegur (643) – Brú á Staðará í Steingrímsfirði 11-050

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu brúar á Staðará í Steingrímsfirði. Brúin er steipt, 40 m löng, eftirspennt bitabrá í tveimur höfum, 9,0 m að breidd.

Helstu magnbólur eru:


Grjótvörn	290 m ³
Gröftur opin gryfja	1.200 m ³
Fylling við steipt mannvirki	1.200 m ³
Mótafletir	1.180 m ²
Slakbent járnalögn	34,7 t
Eftirspennt járnalögn	3,8 t
Steypa	455 m ³

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. júní 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 8. ágúst 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. ágúst 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

SNID Í FRAMLUTA STÖPULS MED ROFVÖRN 1:75



Gjófaklar G34
Stálágir eru á hlíðu 40 - 700 kg með meðalþunga W50 x 170 kg.
Stálalögn er G3 - 0,8 m með meðalþunga D50 x 0,5 m.
Stálág aflið við laustöpla
d₀ = 0,2-0,3 m

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:
	dagur, mánuður, ár	
11-049 Djúpvegur (61), um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafirði	2011	
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eyði - Þverá	2011	
11-048 Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2011	
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	2011	
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011	
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-050 Strandavegur (643), brú á Staðará í Steingrímsfirði	08.08.11	30.08.11
11-040 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal, endurbætur	08.08.11	23.08.11
11-039 Hringvegur (1), göngubrú við Krikkahverfi í Mostellsbæ	25.07.11	16.08.11
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	25.07.11	09.08.11
11-043 Fáskrúðsfjarðargöng, endurbætur á rafkerfi	18.07.11	30.08.11
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	18.07.11	09.08.11

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	18.07.11	03.08.11
11-038 Niðurrekstrarstaurar á Vestfjörðum 2011	04.07.11	19.07.11
11-037 Festun og yfirlögn á Vesturlandi og Norðurlandi 2011	04.07.11	19.07.11
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	14.06.11	28.06.11
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjóflóðavarnir við Sauðanes	23.05.11	07.06.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði, klæðing 2011 <i>Bikun ehf., 600509-1010</i>	24.05.11	26.07.11
11-036 Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga <i>Rafskaut ehf., kt. 490197-2069</i>	28.06.11	22.07.11
Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11
Útboð fellt niður, öllum tilboðum hafnað		
11-041 Barðastrandarvegur (62), Hrísnésá, Hlaðseyrará og Raknadalsá		



Þessi mynd úr safni Geirs G. Zoëga birtist í 4. tölublaði þessa árs og var óskað eftir nánari upplýsingum. Fram kom að bíllinn væri með númerið A-724. Strax í 5. tölublaði birtust frekari upplýsingar Gunnar Gunnarsson fyrrverandi flokksstjóri á vélaverkstæði Vegagerðarinnar á Akureyri hafði samband og upplýsti að maðurinn í dökku fötunum væri Magnús Sigurðsson vegaverkstjóri frá Björgum í Hörgárdal og bíllinn hefði verið í hans eigu. Nokkrir bentu á að maðurinn í ljósu fötunum væri líklega Jón J. Víðis mælingamaður. Klara Sv. Guðnadóttir tækniteiknari hjá Verkís taldi



að myndin væri tekin innst í Fljótum, litlu innan við Prasastaði og sér í austurhlíðar Hvarfdals. Bíllinn er þá líklega að koma yfir Lágheiði frá Ólafsfirði. Það studdi þessa tilgátu að myndin er á filmu í framhaldi af myndum af ferðalagi frá Siglufirði yfir í Fljót um Siglufljardarskarð. Myndinni fylgir nú merking filmunnar og þar má lesa „jeppinn fastur“ og ekki er ólíklegt að fyrir aftan standi „Prasast.“.

Klara hefur nú sannað tilgátu sína en hún tók nýlega meðfylgjandi mynd. Fer ekki á milli mála að fjöllin í baksýn eru þau sömu á báðum myndunum.

Við þökkum Klöru kærlega fyrir upplýsingarnar og ómakið.